



Nefndasvið Alþingis  
Félagsmálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/1970*  
*komudagur 2.5.2006*

Reykjavík 2.5. 2006.

**Efni: Umsögn um frumvörp til laga um atvinnuleysistryggingar (742 mál) og vinnumarkaðsaðgerðir (788 mál).**

Veitt er sameiginleg umsögn um þessi frumvörp enda eru þau hugsuð sem ein samvirk heild. Þau byggja annars vegar á niðurstöðum nefndar félagsmálaráðherra sem ASÍ átti aðild að og sem skilaði niðurstöðum s.l. haust hins vegar á samkomulagi sem náðist í tengslum við endurskoðun á forsendum kjarasamninga í nóvember s.l.

Í öllum aðalatriðum fylgja frumvörpin þessum niðurstöðum og eru ásættanleg. ASÍ áskilur þó allan rétt til þess að sækja á um aukna tekjutengingu atvinnuleysisbóta.

ASÍ vill að auki benda á eftirfarandi atriði.

ASÍ telur mikilvægt að áfram verði tryggð tengsl stéttarféлага við atvinnulausa og telur nauðsynlegt að þeim sé ætlað hlutverk m.a. hvað varðar aðstoð og fræðslu við atvinnulausa félagsmenn sína. ASÍ gerir því ákveðinn fyrirvara við niðurlagningu þeirra nefnda sem starfa skv. gildandi lögum og sem séð hafa um úthlutun og afgreiðslu atvinnuleysisbóta.

ASÍ gerir alvarlegar athugasemdir við þá ráðgerð að tvöfalda refsingu þess launafólks sem segir starfi sínu lausu án gildra ástæðna. Í fyrsta lagi tekur þá við 40 daga biðtími eftir bótum sbr. 54.gr. frumvarpsins og í öðru lagi svipting tekjutengingar sbr. 32.gr. þess. ASÍ hefur lagt til þá málamiðlun að umræddir dagar dragist frá hinu tekjutengda tímabili en upphefji það ekki með öllu. Sú málamiðlun er ítrekuð.

Jafnframt eru gerðar athugasemdir við að ekki sé gert ráð fyrir fullu mótframlagi til lífeyrissjóðs úr atvinnuleysistryggingasjóði. Skv. 37.gr. frumvarpsins er mótframlagið bundið við 6% í stað þeirra 7% sem kjarasamningar áskilja frá 1.1 2005 og 8% frá 1.1 2007.

Til þess að takast megi að hrinda lögum um vinnumarkaðsaðgerðir í framkvæmd og til að efnt verði til árangursríkra vinnumarkaðsaðgerða sem eitt af megin markmiðum frumvarpsins er ljóst að tryggja þarf fjármuni til verkefnisins. Það er skilningur ASÍ að þeir fjármunir eigi að koma úr ríkissjóði en frumvarpið er ekki nógu skýrt hvað þetta varðar.

Að lokum leggur ASÍ áherslu á, að mikilvægt er að standa vel að undirbúningi og framkvæmd á gildistöku laganna sem miðuð er við þann 1.7 n.k. Ljóst að mikið starf er óunnið í því efni.

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Magnús M. Norðdahl hrl.,  
lögfræðingur ASÍ